

Alþingi
Erindi nr. P 127, 117C
komudagur 12.3.2002



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 10. mars 2002
Tilvísun : IVR02020087/10.203/HB

**Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um undirbúning fyrir virkjun
Hvalár í Ófeigsfirði**

Eins og kunnugt er hefur verið unnið að gerð svokallaðrar rammaáætlunar um tveggja ára skeið. Vinnu við fyrsta hluta þess verkefnis er vel á veg komin og er stefnt að því að honum ljúki í byrjun árs 2003. Í þeim áfanga eru teknar fyrir aðeins um 25 virkjanir og voru þær einkum valdar með hliðsjón af því hve mikil gögn og upplýsingar voru fyrir hendi um virkjunarkosti landsins. Í seinni áföngum verkefnisins er stefnt að því að taka fyrir virkjanir, sem hafa verið minna rannsakaðar og eru virkjunarkostir á Vestfjörðum væntanlega í hópi þeirra er skoðaðir verða í öðrum áfanga verkefnisins.

Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um virkjunarmöguleika á Vestfjörðum. Allt fram til ársins 1985 var fyrst og fremst litið á Vestfirði sem einangrað orkuveitukerfi og stærð eða áfangaskipting virkjana miðaðist við þann markað. Eftir að Vestfirðir voru tengdir meginflutningskerfi landsins hafa áætlanir beinst að stærri og hagkvæmari kostum, enda er mögulegt að setja þá orku sem er umfram þarfir Vestfirðinga á almennan markað landsins, þ.e. inn á landsnetið.

Fyrstu hugmyndir um að safna saman vatni af Glámu með veitum í göngum milli vatnasvæða voru settar fram á árinu 1993 og hafa þær verið til endurskoðunar frá þeim tíma. Ný tækni í jarðgangagerð hefur valdið því að gangagerð hefur orðið hagkvæmari en áður var og er tæknilega auðveldari í framkvæmd. Þetta hefur leitt til þess að jarðgangavirkjanir geta náð yfir stærra vatnasvið en áður hefur verið og haft áhrif á stærð þeirra og hagkvæmni.

Í tengslum við gerð skýrslu iðnaðarráðuneytisins *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku* er út kom 1994 var farið yfir virkjunarmöguleika á þessu svæði Þar voru skoðaðir möguleikar á víðtækum veitum og niðurstaðan var sú að þarna væri að ræða mun meiri möguleika á nýtingu vatnsorku en áður hafði verið talið. Rennslisorka var þar metin um 1300 GWh/ári, og talið að virkjun gæti verið miðlungi hagkvæm. Í lauslegri forathugun hugsanlegra virkjunarkosta á landinu er Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen vann á árinu 1998 var niðurstaðan sú að virkjun í Hvalá gæti orðið um 600 GWh/ári, og þeirra mat var að

möguleikar á miðlun stæðu virkjuninni fyrir þrifum og drægju úr hagkvæmni veitna.

Rétt er að taka það fram, að allar þessar áætlanir hafa byggst á ófullnægjandi mati á rennsli. Unnið er að endurbótum og endurmati eldri vatnamælinga og að gerð afrennsliskorts fyrir hugsanlegar virkjanir á Vestfjörðum. Þessi endurskoðun, sem nú fer fram mun því byggja á traustari rennslisgögnum en fyrri áætlanir. Staðsetning virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði er því miður óhagstæð gagnvart nýtingu orkunnar og fjarlægðar frá meginflutningskerfi landsins. Ef hagkvæmt reynist að virkja Hvalá og nálægar ár með veitu til Reykjafjarðar syðri, þá styttest allar leiðir, bæði til aðfanga vegna byggingar og reksturs og ekki síst fyrir háspennulínur.

Því miður eru nauðsynlegar rannsóknir og áætlanagerð vegna virkjunar Hvalár skammt á veg komnar en unnið er þó markvisst að nauðsynlegum vatnamælingum á svæðinu. Iðnaðarráðuneytið hefur aðeins til ráðstöfunar um 50 m.kr. árlega við rannsóknir er tengjast gerð rammaáætlunar og hefur því enga fjármuni til að verja sérstaklega til undirbúningsrannsókna vegna virkjunar Hvalár nema sérstök fjárveiting komi til. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni og meðfylgjandi greinargerð Orkustofnunar er áætlað að nauðsynlegar rannsóknir og áætlanagerð vegna þessa verkefnis kosti um 25 m. kr. Fallist Alþingi á þingsályktunartillögu þessa er því nauðsynlegt að tryggja þá fjárveitingu sem nauðsynleg er til verksins og að því gefnu myndi ráðuneytið styðja samþykkt tillögunnar.

F.h.r.

 / 

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Þórshamri v/Templarasund

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.11

Dags. 08.03.2002


150 REYKJAVÍK

Með bréfi nefndarinnar frá 19.02.2002 var Landsvirkjun send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, 54. mál. Svör fyrirtækisins fara hér á eftir.

Landsvirkjun vísar til 2. gr. orkulaga nr. 58/1967 þar sem hlutverk Orkustofnunar er tilgreint. Felst hlutverk stofnunarinnar m.a. í að annast yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra.

Landsvirkjun hefur ekki framkvæmt rannsóknir á þessum virkjunarkosti en vekur athygli á að samkvæmt bréfi iðnaðarnefndar virðist sem Orkustofnun hafi ekki fengið þessa tillögu til umsagnar þrátt fyrir að stofnunin hafi þegar framkvæmt slíkar rannsóknir. Telur Landsvirkjun eðlilegt að leitað verði umsagnar stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Jóhann Már Mariusson
aðstoðarforstjóri



ORKUBÚ VESTFJARÐA

Stakkanesi 1 – Pósthólf 220
400 Ísafjörður

Alþingi
Erindi nr. P 127/1230
komudagur 14.3.2002

SÍMI 456 3211
FAX 456 3204
KT. 660877-0299

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 13. mars 2002

Umsögn um tillögu til þingaályktunar um undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.

Stjórn Orkubús Vestfjarða h.f. fjallaði um málið á fundi sínum 27. febrúar s.l. og var eftirfarandi bókað:

“Stjórn Orkubús Vestfjarða h.f. fagnar framlagningu ofangreindrar tillögu og leggur til að hún verði samþykkt.”

Virðingarfyllst
fyrir hönd Orkubús Vestfjarða h.f.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri